# Lífeyrissjóður bankamanna

Ársreikningur 2001

Lífeyrissjóður bankamanna
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

kt. 510169-4259

# Lífeyrissjóður bankamanna

Ársreikningur 2001

Efnisyfirlit.


Áritun endurskoðenda........................................................... 2

Skýrsla stjórnar ...................................................................... 3-4

Áritun stjórnar ...................................................................... 5

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2001.. 6

Efnahagsreikningur 31.desember 2001.................................. 7

Sjóðstreymi ........................................................................... 8

Skýringar ............................................................................ 9-17

Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign...................... 18

Deildaskiptur efnahagsreikningur………………………….. 19

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði bankamanna

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag Lífeyrissjóðs bankamanna í árslok 2001 og breytingum á fjárhagslegri skipan hans á því ári, í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 20. febrúar 2002

**Deloitte & Touche hf.**

Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi

Ársreikning þennan fyrir Lífeyrissjóð bankamanna höfum við, kjörnir skoðunarmenn, yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og er hann í samræmi við þær.

Reykjavík, 20. febrúar 2002

Gunnlaugur Arnórsson

Þorsteinn Egilsson

# Skýrsla stjórnar

Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna var þannig skipuð á árinu 2001: Arnór Sighvatsson, Friðbert Traustason og Haukur Þór Haraldsson kjörnir á fundi sjóðfélaga svo og Helgi S. Guðmundsson tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands h.f., Ingvar A. Sigfússon tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Haukur Helgason tilnefndur af aðildafyrirtækjum sjóðsins. Haukur Þór Haraldsson gegndi starfi formanns.

Starfsmenn sjóðsins eru Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri og Svana M. Símonardóttir fulltrúi.

Í árslok greiddi sjóðurinn 452 aðilum lífeyri, þar af 443 úr Hlutfallsdeild. Voru lífeyrisgreiðslur ársins kr. 499.417 þúsund úr Hlutfallsdeild en kr. 14.060 þúsund úr Stigadeild. Á árinu áður voru lífeyrisgreiðslur alls kr. 449.001 þúsund. Er aukningin því 14,36%.

Í árslok greiddu 2209 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins, þar af 768 í Hlutfallsdeild og 1441 í Stigadeild. Í árslok 2000 greiddu 1971 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og hafði því fjölgað um 238 á árinu.

## Lán til sjóðfélaga á árinu.

Á árinu voru samþykktar alls 187 lánveitingar til sjóðfélaga, alls að fjárhæð kr. 422.159 þúsund. Meðalfjárhæð var því kr. 2.258 þúsund en var á árinu áður 1.787 þúsund.

Hámarkslánsfjárhæð er nú kr. 4 milljónir eftir fjögurra ára starf. Vextir fylgja ávöxtunarkröfu húsbréfa með 0,1% álagi og breytast þeir mánaðarlega.

## Fjárvörslusamningar.

Þann 1. september 1998 voru gerðir samningar við Landsbréf h.f. og Búnaðarbanka Verðbréf um fjárvörslu, en samningar þessir voru gerðir í framhaldi af útboði sem stjórn sjóðsins efndi til. Samningum þessum var sagt upp af hálfu sjóðsins og tóku nýir samningar gildi 1. febrúar 2002. Í árslok nam heildareign sjóðsins í fjárvörslu hjá ofangreindum aðilum kr. 15.988,3 milljónum, eða sem nemur 82,90% af hreinni eign í árslok. Í árslok 2000 nam heildareign í fjárvörslu 14.906,2 milljónum, eða 84,70% af hreinni eign. Ávöxtun fjárvörslu var ekki í samræmi við væntingar á árinu sem rekja má til óhagstæðra aðstæðna á fjármagnsmarkaði. Meðaltal raunávöxtunar eigna í fjárvörslu var neikvæð um 1,24% á árinu 2001 en á árinu 2000 var hún neikvæð um 3,67%.

## Staða sjóðsins.

Í lok ársins voru heildareignir Lífeyrissjóðs bankamanna kr. 19.286.619 þúsund sem skiptast þannig að í Hlutfallsdeild voru eignir alls kr. 16.192.082 þúsund, eða 83,96% og í Stigadeild kr. 3.094.537 þúsund eða 16,04%.

Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum sjóðsins miðað við 31. desember 2001. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru áfallnar skuldbindingar í Hlutfallsdeild kr. 16.362,6 milljónir en í Stigadeild kr. 2.350,6 milljónir. Alls er því um að ræða kr. 18.305,5 milljónir.

## Önnur mál.

Ýmis önnur mál voru til umfjöllunar hjá stjórninni en hún hélt 12 bókaða fundi á árinu. Svo sem fyrr er getið var unnið að gerð nýrra fjárvörslusamninga sam tóku gildi 1. febrúar 2002. Þar eru teknar upp í fyrsta sinn mismundandi fjárfestingastefnur fyrir deildar sjóðsins þar sem tekið er mið af ólíkum áætlunum um greiðslustreymi í framtíðinni. Í báðum tilvikum er um að ræða varfærnar fjárfestingastefnur þar sem þess er gætt að lágmarka áhættu sjóðsins. Þá tók stjórnin ákvörðun um að draga úr vægi fjárvörslu í heildareignum sjóðsins.

Á árinu var samþykkt áframhaldandi aðild að Stigadeild fyrir nokkura fyrrum starfsmenn hjá aðildarfyrirtækjum, sem höfðu hafið störf annars staðar. Þá var á árinu samþykkt aðild starfsmanna Bunadarbanki International að Stigadeild sjóðsins.

Á árinu voru samþykktar nýjar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins og gerður samningur við Björgu Sigurðardóttur f.h. Deloitte & Touche um innra eftirlit.

Þá var á árinu unnið að gerð nýrrar heimasíðu sjóðsins.

Sjóðurinn hefur aðsetur að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, sími 569 0900, símbréf svana@lifbank.is, veffang er www.lifbank.is. Skuldabréf sjóðsins eru til afgreiðslu í útibúi Landsbanka Íslands h.f. við Austurstræti.

# Áritun stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna staðfesta ársreikning fyrir árið 2001 með undirritun sinni:

Reykjavík, 20. febrúar 2002

Haukur Þór Haraldsson

Arnór Sighvatsson

Ingvar A. Sigfússon

Haukur Helgason

Friðbert Traustason

Helgi S. Guðmundsson

Sigtryggur Jónsson,
framkvæmdastjóri

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2001

| | Skýr. | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 224.764.898 | 196.536.780 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 503.798.669 | 459.369.498 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 0 | (5.880.347) |
| | | 728.563.567 | 650.025.931 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 513.478.139 | 449.000.636 |
| | | 513.478.139 | 449.000.636 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | (27.492.717) | (24.302.654) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | 1.531.085.032 | 292.343.768 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | | (1.521.988.806) | (711.388.949) |
| | | (18.396.491) | (443.347.835) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 5.281.214 | 4.005.967 |
| | | 5.281.214 | 4.005.967 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 25.593.192 | 19.413.243 |
| | | 25.593.192 | 19.413.243 |
| Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar | | 165.814.531 | (265.741.750) |
| **Matsbreytingar** | | 1.522.165.148 | 711.453.739 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 1.687.979.679 | 445.711.989 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 17.598.639.455 | 17.152.927.466 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 19.286.619.134 | 17.598.639.455 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2001

| | Skýr. | 31.12.2001 | 31.12.2000 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2, 6-9 | 11.510.422.181 | 11.545.108.305 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2, 10 | 5.304.305.022 | 3.862.869.425 |
| Veðlán | 2, 11 | 1.925.826.718 | 1.589.150.522 |
| **Fjárfestingar** | | 18.740.553.920 | 16.997.128.252 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 2,5 | 1.884.262 | 1.872.245 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 545.323.330 | 599.638.958 |
| **Aðrar eignir** | | 547.207.592 | 601.511.203 |
| **Eignir** | | 19.287.761.512 | 17.598.639.455 |
| **Skuldir** | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 1.142.378 | 0 |
| **Skuldir** | | 1.142.378 | 0 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | | 19.286.619.134 | 17.598.639.455 |

**Greining á hreinni eign á deildir**

| | 31.12.2001 | 31.12.2000 |
|---|---|---|
| Hlutfallsdeild | 16.192.081.931 | 15.100.596.418 |
| Stigadeild | 3.094.537.203 | 2.498.043.037 |
| | 19.286.619.134 | 17.598.639.455 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2001

| | 2001 | 2000 |
|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 728.563.567 | 650.025.931 |
| Fjárfestingartekjur | 657.690.855 | 207.294.683 |
| Afborganir verðbréfa | 513.007.616 | 223.058.532 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 7.297.716.621 | 1.871.704.409 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 460.521.481 | 1.468.989.442 |
| **Inngreiðslur** | 9.657.500.140 | 4.421.072.997 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 513.478.139 | 449.000.636 |
| Fjárfestingargjöld | 5.281.214 | 4.005.967 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 24.962.197 | 19.105.762 |
| Aðrar útgreiðslur | 466.672 | 31.223.603 |
| **Útgreiðslur** | 544.188.222 | 503.335.968 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | 9.113.311.918 | 3.917.737.028 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 6.911.211.444 | 3.605.878.556 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 1.892.054.102 | 194.622.650 |
| Ný veðlán og útlán | 364.362.000 | 292.456.000 |
| **Ráðstöfun alls** | 9.167.627.546 | 4.092.957.206 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | (54.315.628) | (175.220.178) |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | 599.638.958 | 774.859.136 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | 545.323.330 | 599.638.958 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóður bankamanna starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, Hlutfallsdeild og Stigadeild og skulu allir starfsmenn aðildarfyrirtækja sjóðsins, sem náð hafa 16 ára aldri vera sjóðfélagar meðan þeir starfa hjá viðkomandi fyrirtæki.

Hlutfallsdeild:

Réttindi til lífeyris ráðast af starfshlutfalli og starfstíma svo og launum seinustu 5 ára. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 65 ára aldur eða fyrr ef aldur og starfsaldur ná 95 árum. Að öðru leyti eru réttindi óháð aldri sjóðfélaga. Tryggingafræðileg úttekt getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Stigadeild:

Nýir starfsmenn aðildarfyrirtækja greiða iðgjöld til Stigadeildar. Réttindi til lífeyris ráðast af innkomnum iðgjöldum og eru óháð aldri sjóðfélaga. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og fylgja vísitölu neysluverðs. Taka eftirlauna getur hafist við 67 ára aldur. Á sama hátt og í Hlutfallsdeild getur tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Stigadeild var stofnuð 1. janúar 1998 og er hún fjárhagslega aðskilin frá Hlutfallsdeild. Fjárhæðir í ársreikningi sýna heildartölur fyrir báðar deildir.

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem var 8,61%. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 1.521.988.806. Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til loka reikningsársins og er breytingin færð á viðkomandi eignaliði. Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga eru færð á matsbreytingar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Lífeyrir

3. Lífeyrir greinist þannig í þús. króna:

| | Hlutfallsdeild | | Stigadeild | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2001 | 2000 | 2001 | 2000 | 2001 | 2000 |
| Ellilífeyrir | 399.449 | 342.691 | 9.625 | 8.551 | 409.074 | 351.242 |
| Örorkulífeyrir | 33.516 | 30.064 | 2.392 | 2.304 | 35.908 | 32.368 |
| Makalífeyrir | 64.540 | 63.639 | 1.815 | 554 | 66.355 | 64.193 |
| Barnalífeyrir | 381 | 419 | 228 | 76 | 609 | 495 |
| Dánarbætur | 1.532 | 703 | 0 | 0 | 1.532 | 703 |
| | 499.417 | 437.516 | 14.061 | 11.485 | 513.478 | 449.001 |

## Vaxtatekjur og gengismunur

4. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Vaxtatekjur og gengismunur skuldabréfa | 744.049.172 |
| Gengismunur hlutdeildarskírteina | 787.035.860 |
| | 1.531.085.032 |

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Innréttingar, áhöld og tæki |
|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 2.683.066 |
| Afskrifað áður | (810.821) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.872.245 |
| Endurmat á árinu | 176.340 |
| Viðbót á árinu | 466.672 |
| Afskrifað á árinu | (630.995) |
| Bókfært verð í árslok | 1.884.262 |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af framreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

## Verðbréf með breytilegum tekjum

6. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 88.662.744 |
| Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum | 22.249.920 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 8.430.468.619 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 2.969.040.898 |
| | 11.510.422.181 |

7. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skráð félög: | | | |
| Landsbanki Íslands hf. | 0,38% | 24.671.353 | 83.635.887 |
| Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf. | 0,52% | 2.814.991 | 4.926.234 |
| | | | 88.562.121 |
| Óskráð félög: | | | |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing | 2,01% | 100.623 | 100.623 |
| | | | 100.623 |
| Eignarhlutar í innlendum félögum alls | | | 88.662.744 |

Eignarhluti sjóðsins í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaþing er metinn á kaupverði.

8. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

| | Hlutdeild | Hlutir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Decode | Óveruleg | 35.000 | 22.249.920 |
| Eignarhlutar í erlendum félögum alls | | | 22.249.920 |
| Hlutabréfaeign alls | | | 110.912.664 |

9. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | |
|---|---|
| Landsbréf - Markaðsbréf 1 | 523.532.510 |
| Landsbréf - Markaðsbréf 2 | 117.070.375 |
| Landsbréf - Markaðsbréf 3 | 620.116.919 |
| Landsbréf - Markaðsbréf 4 | 2.228.429.506 |
| Landsbréf - Reiðubréf | 516.747.081 |
| Landsbréf - Sparibréf | 460.000.000 |
| Landsbréf - Öndvegisbréf | 1.187.899.860 |
| Landsbréf - Peningabréf | 100.039 |
| Búnaðarbanki - Langtímabréf | 337.226.906 |
| Búnaðarbanki - Hávaxtabréf | 148.105.405 |
| Búnaðarbanki - Eignarskattsfrjáls bréf | 725.007.846 |
| | 6.864.236.447 |

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | |
|---|---|
| BÍ ÍS-15 | 839.227.482 |
| Úrvalsvísitölusjóður BÍ | 40.625.298 |
| Landsbréf Úrvalsbréf | 686.379.392 |
| | 1.566.232.172 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum alls | 8.430.468.619 |

# Skýringar

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | |
|---|---|
| ACM Greater China Portfolio | 19.137.856 |
| ACM Global Growth Trends Port. | 52.347.886 |
| ACM Global Value Port. | 43.304.122 |
| ACM Technology Portf. | 35.523.711 |
| ACM Int´l Health Care | 44.099.702 |
| ACM American Growth | 47.702.171 |
| ACM Int. Thechnology Fund | 24.292.470 |
| ACM European Value Portf. | 44.049.129 |
| ACM American Value Portf. | 58.501.327 |
| ACM Short Maturity Dollar | 40.145.826 |
| HSBC Chinese Equity Fund | 28.158.337 |
| HSBC US Dollar Reserve | 30.159.423 |
| ACM US Smaller companies port. | 21.977.409 |
| ACM European Tech | 18.500.237 |
| HSBC Pan European Equity | 47.973.549 |
| ACM European Growth. Portfolio | 17.627.356 |
| HSBC Pan European | 38.970.935 |
| Fortuna 3 | 514.168.527 |
| Fortuna European Hedge Fund | 226.655.441 |
| Alþjóða hlutabréfasj. B.Í. | 775.768.594 |
| Framsækinn alþj. hlutabr.B.Í. (sjóðasjóður) | 192.430.467 |
| Nýtæknisjóður BÍ (Internetsjóður) | 17.167.916 |
| JPMF FF-Intern. Equity Fund | 190.570.474 |
| JPMF FF-Europe Equity Fund | 1.700.000 |
| | 2.530.932.865 |

Erlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | |
|---|---|
| LÍ 10/10 2003 | 40.047.567 |
| JPMF USD Global Bond Fund (USD) | 135.299.715 |
| JPMF LUX Gl. Strat. Bond Fund (USD) | 68.970.573 |
| JPMF Europe Bond Fund (EUR) | 126.371.852 |
| JPMF EUR Global Bond Fund (EUR) | 67.418.326 |
| | 438.108.033 |

| | |
|---|---|
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum alls | 2.969.040.898 |
| Hlutdeildarskírteini alls | 11.399.509.517 |

# Skýringar

## Verðbréf með föstum tekjum

10. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

| | |
|---|---|
| Skuldabréf Húsnæðisstofnunar | 578.646.575 |
| Húsbréf | 1.782.090.599 |
| Húsnæðisbréf | 489.214.800 |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 160.294.500 |
| Markaðsskuldabréf ríkissjóðs í breskum pundum | 63.198.905 |
| Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð | 1.927.565.002 |
| | 5.001.010.381 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 9.213.120 |
| Skuldabréf lánastofnana | 242.794.254 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 51.287.267 |
| Verðbréf með föstum tekjum alls | 5.304.305.022 |

## Veðlán

11. Veðlán greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuldabréf sjóðfélaga | 1.925.826.718 |
| | 1.925.826.718 |

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

12. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 8.519.131.363 | 2.991.290.818 | 11.510.422.181 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 5.241.106.117 | 63.198.905 | 5.304.305.022 |
| Veðlán | 1.925.826.718 | | 1.925.826.718 |
| | 15.686.064.198 | 3.054.489.723 | 18.740.553.921 |
| Hlutfallsleg skipting | 84% | 16% | 100% |

Skipting fjárfestinga eftir erlendum gjaldmiðlum:

| | Verðbréf m/ breytil. tekjum | Verðbréf m/ föstum tekjum | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Í GBP | 0 | 63.198.905 | 2,1% |
| Í USD | 1.305.186.632 | | 42,7% |
| Í Evrum | 1.646.056.619 | | 53,9% |
| Bundið gengisvísitölum | 40.047.567 | | 1,3% |
| | 2.991.290.818 | 63.198.905 | 100,0% |

## Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

13. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins í verðbréfum er áætlað kr. 19.016 millj. en bókfært verð þeirra er 18.741 millj. kr. eða um 275 millj. kr. lægra en markaðsverð.

## Lífeyrisskuldbindingar

14. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2001 miðað við 3,5% ársvexti þá á sjóðurinn í hlutfallsdeild kr. 2.073,6 milljónir umfram áfallnar skuldbindingar eða 12,7% og í stigadeild kr. 1.209,9 milljónir umfram áfallnar skuldbindingar eða 51,5%. Eignir umfram heildarskuldbind-ingar í hlutfallsdeild eru kr. 465,9 milljónir eða 2,2% og eignir umfram heildarskuldbindingar í stigadeild eru kr. 205,5 milljónir eða 2,1%.

| **Hlutfallsdeild** | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 16.192,1 | | 16.192,1 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun | 2.339,1 | | 2.339,1 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda | (95,0) | | (95,0) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | | 3.304,7 | 3.304,7 |
| | 18.436,2 | 3.304,7 | 21.740,9 |
| Skuldbindingar | | | |
| Ellilífeyrir | 12.097,9 | 3.904,1 | 16.002,0 |
| Örorkulífeyrir | 704,3 | 334,2 | 1.038,5 |
| Makalífeyrir | 2.843,6 | 524,5 | 3.368,1 |
| Barnalífeyrir | 72,6 | 0,0 | 72,6 |
| Annað | 346,2 | 0,0 | 346,2 |
| Rekstrarkostnaður | 298,0 | 149,7 | 447,7 |
| | 16.362,6 | 4.912,5 | 21.275,1 |
| Eignir umfram skuldbindingar | 2.073,6 | (1.607,8) | 465,8 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 12,7% | -32,7% | 2,2% |

| **Stigadeild**<br>Eignir | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 3.094,6 | | 3.094,6 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun | 481,5 | | 481,5 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda | (15,6) | | (15,6) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | | 6.607,7 | 6.607,7 |
| | 3.560,5 | 6.607,7 | 10.168,2 |
| Skuldbindingar | | | |
| Ellilífeyrir | 1.899,5 | 6.276,9 | 8.176,4 |
| Örorkulífeyrir | 243,5 | 853,6 | 1.097,1 |
| Makalífeyrir | 114,6 | 333,2 | 447,8 |
| Barnalífeyrir | 1,9 | 83,7 | 85,6 |
| Annað | 82,2 | 0,0 | 82,2 |
| Rekstrarkostnaður | 8,9 | 64,7 | 73,6 |
| | 2.350,6 | 7.612,1 | 9.962,7 |
| Eignir umfram skuldbindingar | 1.209,9 | (1.004,4) | 205,5 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 51,5% | -13,2% | 2,1% |

## Ábyrgðir

15. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Miðað við gengi í árslok hefur sjóðurinn skuldbundið sig til gjaldmiðlaviðskipta fyrir um 781,5 millj. kr. Staða þessa samninga í árslok var jákvæð um 4,1 millj. kr. Áhrif samninganna hafa ekki verið færð inn í rekstur sjóðsins.

## Önnur mál

16. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 2001 | 2000 |
|---|---|---|
| Laun starfsfólks | 8.094.120 | 8.156.616 |
| Stjórnarlaun | 3.969.437 | 4.013.190 |
| Launatengd gjöld | 2.593.552 | 2.434.826 |
| | 14.657.109 | 14.604.632 |

Starfsmenn sjóðsins voru 2 á árinu 2001. Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2001 námu 9,3 milljónum króna.

## Kennitölur

17. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins

| | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun................................ | -0,27% | -2,65% | 7,46% | 6,30% | 5,50% |
| Meðaltal hreinnar raun- | | | | | |
| ávöxtunar sl. 5 ár ................................ | 3,19% | 4,77% | 6,10% | 6,00% | 6,20% |
| Kostnaður í hlutfalli af eignum ............ | 0,16% | 0,11% | 0,09% | 0,13% | 0,21% |
| Hlutfallsleg skipt. annarra fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbr. með breytil. tekjum | 61,42% | 67,83% | 60,84% | | |
| Skráð verðbr. með föstum tekjum | 17,60% | 9,91% | 15,03% | | |
| Óskráð verðbr. m/breytil. tekjum | 0,00% | 0,10% | 0,00% | | |
| Óskráð verðbr. m/föstum tekjum | 10,70% | 12,81% | 15,78% | | |
| Veðlán ................................................ | 10,28% | 9,35% | 8,35% | | |
| Hlutfallsleg skipting annarra | | | | | |
| fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum ................. | 83,70% | 81,89% | 86,03% | | |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum ........... | 16,30% | 18,11% | 13,97% | | |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga: | | | | | |
| Hlutfallsdeild........................................ | 782 | 838 | 908 | 989 | 1.418 |
| Stigadeild............................................. | 1200 | 1.054 | 730 | 454 | 0 |
| Fjöldi lífeyrisþega: | | | | | |
| Hlutfallsdeild........................................ | 443 | 402 | 378 | 333 | 292 |
| Stigadeild............................................. | 9 | 8 | 4 | 2 | 0 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun ............................................. | 79,9% | 78,3% | 78,3% | 77,4% | 73,1% |
| Örorkulífeyrir ...................................... | 7,0% | 7,2% | 7,0% | 6,2% | 6,8% |
| Makalífeyrir ........................................ | 13,0% | 14,3% | 14,5% | 16,2% | 19,9% |
| Barnalífeyrir ....................................... | 0,1% | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,2% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt: | | | | | |
| Hlutfallsdeild: | | | | | |
| Hrein eign umfram | | | | | |
| heildarskuldbindingar .................. | 2,2% | 0,4% | 6,0% | 6,1% | |
| Hrein eign umfram | | | | | |
| áfallnar skuldbindingar ................ | 12,7% | 11,3% | 18,9% | 18,7% | |
| Stigadeild: | | | | | |
| Hrein eign umfram | | | | | |
| heildarskuldbindingar .................. | 2,1% | 1,2% | 2,4% | 1,9% | |
| Hrein eign umfram | | | | | |
| áfallnar skuldbindingar ................ | 51,5% | 49,9% | 58,6% | 74,4% | |

# Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2001

| | Hlutfalls-deild | Stiga-deild | Samtals 2001 | Samtals 2000 | Hlutfalls-deild |
|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | 75.075.102 | 149.689.796 | 224.764.898 | 196.536.780 | 72.168.262 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 278.595.416 | 225.203.253 | 503.798.669 | 459.369.498 | 271.751.546 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 0 | 0 | 0 | (5.880.347) | (5.880.347) |
| | 353.670.518 | 374.893.049 | 728.563.567 | 650.025.931 | 338.039.461 |
| **Lífeyrir** | | | | | |
| Lífeyrir | 499.417.407 | 14.060.732 | 513.478.139 | 449.000.636 | 437.515.737 |
| | 499.417.407 | 14.060.732 | 513.478.139 | 449.000.636 | 437.515.737 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | (23.098.608) | (4.394.109) | (27.492.717) | 23.399.945 | 19.072.201 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 1.286.374.602 | 244.710.430 | 1.531.085.032 | 244.641.169 | 202.550.563 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | (1.291.223.323) | (230.765.483) | (1.521.988.806) | (711.388.949) | (616.153.255) |
| | (27.947.329) | 9.550.838 | (18.396.491) | (443.347.835) | (394.530.491) |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 4.480.471 | 800.743 | 5.281.214 | 4.005.967 | 3.469.677 |
| | 4.480.471 | 800.743 | 5.281.214 | 4.005.967 | 3.469.677 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 21.712.726 | 3.880.466 | 25.593.192 | 19.413.243 | 16.814.336 |
| | 21.712.726 | 3.880.466 | 25.593.192 | 19.413.243 | 16.814.336 |
| Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr. | (199.887.415) | 365.701.946 | 165.814.531 | (265.741.750) | (514.290.780) |
| **Matsbreytingar** | 1.291.372.928 | 230.792.220 | 1.522.165.148 | 711.453.739 | 616.209.372 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | 1.091.485.513 | 596.494.166 | 1.687.979.679 | 445.711.989 | 101.918.592 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 15.100.596.418 | 2.498.043.037 | 17.598.639.455 | 17.152.927.466 | 14.998.677.826 |
| **Hrein eign í árslok til gr. lífeyris** | 16.192.081.931 | 3.094.537.203 | 19.286.619.134 | 17.598.639.455 | 15.100.596.418 |

# Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2001

| | Hlutfalls-deild 31.12.2001 | Stiga-deild 31.12.2001 | Samtals 31.12.2001 | Samtals 31.12.2000 | Hlutfalls-deild 31.12.2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| **Fjárfestingar** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum .............. | 9.943.262.084 | 1.567.160.097 | 11.510.422.181 | 11.545.108.305 | 9.973.277.719 |
| Verðbréf með föstum tekjum ...................... | 4.409.175.611 | 895.129.410 | 5.304.305.021 | 3.862.869.425 | 3.375.345.866 |
| Veðlán ........................................................ | 1.407.584.539 | 518.242.178 | 1.925.826.717 | 1.589.150.522 | 1.296.447.285 |
| **Fjárfestingar** | 15.760.022.234 | 2.980.531.685 | 18.740.553.919 | 16.997.128.252 | 14.645.070.870 |
| **Kröfur** | | | | | |
| Hlutfallsd/Stigad. viðskiptar. ...................... | 10.355.771 | (10.355.771) | 0 | 0 | 10.355.771 |
| **Kröfur** | 10.355.771 | (10.355.771) | 0 | 0 | 10.355.771 |
| **Aðrar eignir** | | | | | |
| Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir .......... | 1.727.094 | 157.168 | 1.884.262 | 1.872.245 | 1.716.079 |
| Sjóður og veltiinnlán .................................. | 421.023.923 | 124.299.408 | 545.323.331 | 599.638.958 | 443.453.698 |
| **Aðrar eignir** | 422.751.017 | 124.456.576 | 547.207.593 | 601.511.203 | 445.169.777 |
| **Eignir** | 16.193.129.022 | 3.094.632.490 | 19.287.761.512 | 17.598.639.455 | 15.100.596.418 |
| **Skuldir** | | | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | |
| Aðrar skuldir ............................................... | 1.047.091 | 95.287 | 1.142.378 | 0 | 0 |
| | 1.047.091 | 95.287 | 1.142.378 | 0 | 0 |
| **Skuldir** | 1.047.091 | 95.287 | 1.142.378 | 0 | 0 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | 16.192.081.931 | 3.094.537.203 | 19.286.619.134 | 17.598.639.455 | 15.100.596.418 |